

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Glitinum hörð hylki

Þurrkuð glitbrá

JURTALYF SEM HEFÐ ER FYRIR

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota þetta jurtalyf nákvæmlega eins og tilgreint er í þessum fylgiseðli eða eins og lækni eða lyfjafræðingur hafa ráðlagt þér.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækni eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Hafa skal samband við lækni ef einkenni lagast ekki eða versna eftir 2 mánuði.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar

1. Upplýsingar um Glitinum og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Glitinum
3. Hvernig nota á Glitinum
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Glitinum
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Glitinum og við hverju það er notað

Glitinum er jurtalyf sem hefð er fyrir til að fyrirbyggja mígreni eftir að alvarleg veikindi hafa verið útilokuð af lækni.

Þetta lyf er jurtalyf sem hefð er fyrir og tilgreindar ábendingar fyrir notkun þess eru eingöngu byggðar á langri sögu um notkun lyfsins.

2. Áður en byrjað er að nota Glitinum

Ekki má nota lyfið

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir glitbrá eða jurtum af Asteracase (Composite) -ætt eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Ef einkenni versna við notkun lyfsins skal leita ráða hjá lækni, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum.

Börn og unglingar

Ekki ætlað börnum og unglingum yngri en 18 ára vegna skorts á fullnægjandi gögnum.

Notkun annarra lyfja samhliða Glitinum

Þegar þú ferð til læknis eða annars heilbrigðisstarfsmanns, mundu eftir að segja honum/henni frá því að þú sért að taka eða hafir nýlega tekið Glitinum.

Ekki hefur verið greint frá áhrifum þess að nota þetta lyf samhliða öðrum lyfjum.

Notkun Glitinum með mat, drykk eða áfengi

Ekki hefur verið greint frá áhrifum þess að neyta matar eða drykkjar samhliða töku Glitinum.

Meðganga, brjóstgjöf og frjósemi

Vegna skorts á fullnægjandi upplýsingum er ekki ráðlagt að nota Glitinum meðan á meðgöngu og brjóstgjöf stendur. Öryggi á meðgöngu og við brjóstgjöf hefur ekki verið staðfest.

Hefðbundin reynsla bendir til þess að *Tanacetum parthenium* geti örvað tíðablæðingar og framkallað fóstureyðingu.

Ekki eru til upplýsingar um áhrif á frjósemi karla og kvenna.

Akstur og notkun véla

Glitinum hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Ef þörf krefur spyrðu lækni eða lyfjafræðing ráða.

3. Hvernig nota á Glitinum

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og læk'nirinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læk'ninum eða lyfjafræðingi.

Ráðlagður skammtur fyrir fullorðna og aldraða er: 1 hylki daglega.

Gleypið hylkin heil (með vatni eða öðrum vökva). Hylkin á ekki að tyggja.

Glitinum á að nota að hámarki í 3 mánuði.

Notkun handa börnum og unglungum

Ekki ætlað börnum og unglungum undir 18 ára aldri.

Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af Glitinum hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Ef gleymist að taka Glitinum

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka. Takið næsta skammt eins og venjulega.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta jurtafylli valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Meltingarfæratrufanir hafa verið tilkynntar. Tíðni þessara aukaverkana er óþekkt: Ekki er hægt að meta tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækurinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Glitinum

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymið við lægri hita en 25°C.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Glitinum inniheldur

- Virka innihaldsefnið er þurrkuð glitbrá.

Eitt hylki inniheldur 100 mg af þurrkaðri *Tanacetum parthenium* (L.) Schulz Bip., (glitbrá) jurt, jafngildir 100 mg af þurrkaðri glitbrá

- Önnur innihaldsefni eru dextrín; vatnsfrí kísilkvoða; talkúm; magnesíumsterat; títantvíoxíð E171; hýprómellósi.

Lýsing á útliti Glitinum og pakkningastærðir

Hvítu ógegnsætt hart hylki (19,4x7,0 mm). Innihald hylkis er ljósbrúnt-grænleitt.

Hylkjunum er pakkað í þynnur.

Lyfið er í 30, 60, 90 og 120 stykkja pakkningum. Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

HANDHAFI SKRÁNINGAR

Florealis ehf.
Síðumúla 25
108 Reykjavík
Ísland

Email: info@florealis.com

Framleiðandi

Wiewelhove GmbH
Dörnebrink 19
49479 Ibbenbüren
Þýskaland

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í desember 2018.